

Hákon Jensson

Fornleifaskráning á Hrappsstaðagrund á Hrappsstöðum í Akureyrarbæ.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/14



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Drónamynd af suðurhluta af skipulagssvæði, mynd er tekin í norður.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/14

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	30
HEIMILDASKRÁ.....	31

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu á Hrappsstaðagrunn, en það er landspilda úr landi Hrappsstaða fyrir ofan Akureyri. Landspildan liggur að mestu fyrir neðan Lögmannshlíðarveg og er það svæðið sem er verið að skrá í þessu verkefni. Stærð er um 5,1 ha. Herbúðir voru á svæðinu í seinni heimsstyrjöldinni og eru enn greinileg ummerki um þær. Töluverður hluti af þeim er þó hulin af trjágróðri sem hefur verið plantað á síðustu áratugum.

Fyrirhugað er að gera deiliskipulag af svæðinu vegna frístundabyggðar. Ákveðið var að láta gera fyrst fornleifaskráningu til þess að reyna að aðlaga lóðir og byggingarreiti að menningarminjum.

Til var eldri fornleifaskráning af staðnum sem þurfti að uppfæra. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Vettvangsskráningin fór fram í nokkur skipti frá lok september til byrjun nóvember 2025.

Höfundur vill þakka Þorgeiri Baldurssyni ljósmyndara fyrir drónamyndir af svæðinu.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3534.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Meginmarkmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, loftmyndir og niðurhalsgögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt upplýsingum frá staðkunnugum. Einnig var til eldri fornleifaskráning af svæðinu⁷ sem þarfnadist uppfærslu miðað við núverandi staðla. Ekki er fjallað sérstaklega um sögu jarðarinnar þar sem því hefur þegar verið gert grein fyrir í eldri skýrslu.⁸

Vegna mikillar útbreiðslu trjágróðurs á síðastliðnum tveimur áratugum var notast mikið við loftmyndir við leit af minjum og aðstoð við uppmælingar á þeim.

Í bókinni Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði segir: „Neðan undir Hrappsstöðum og Ásláksstöðum dvöldu norsku hermennirnir löngum.“⁹ Það kom fljótt í ljós í þessu verkefni að flestar minjarnar á svæðinu virtust tengja hernámsárunum og loftmyndir sýna töluverðan fjölda af mannvirkjum á staðnum.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem gengið var skipulega um svæðið og minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble Geo7X, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá 1998 frá Loftmyndum ehf.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁷ Orri & sædís, 1998, bls. 18-21.

⁸ Orri & sædís, 1998, bls. 10-11 og 18-19.

⁹ Jón Hjaltason, 1991, bls. 45.

4. Fornleifaskráning

Fornleifanúmer: 3534-01

Hnit: A537977.1 N577231.6 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hús

Í Byggðum Eyjafjarðar frá 1990 segir: „... á Hrappsstaðagrundinni eru uppistandandi torfhús notuð sem skjól fyrir hross.“¹⁰ Húsin eru tvo á svæðinu og fyrri húsið er um 5 m austan við Lögmannshlíðarveginn og um 50 m fyrir sunnan vegarstöðann inn á svæðið og var skráð í eldri fornleifaskráningu með minjanúmerið Ey-288:007¹¹, en í skýrslunni segir: „Í kringum húsin er mikið moldarflag sem í vex arfi en fjær húsunum er mói. Húsið er 13X6 að utanmáli og er hleðsluhæð 2 m, en húsið sjálft um 2,5 m hátt. Þessi hús eru eins og [3534-02] að grunni til úr tré og bárujárni. Að austanverðu eru hleðslur upp á mitt þak um 2 m metra háar, á N gafl eru einnig torfhleðslur og smáræði á suðurenda A-veggjar.“¹²

Húsið stendur enn að hluta en er orðið mjög hrörlegt, það er umkringgt trjám sem torveldaði allar uppmælingar á því þar sem ekki var hægt að ganga í kringum það. Það virðist hafa verið um 10X17 m að utanmáli og hæð um 0,4-2,4 m. Torfveggur liggur þétt við það að austan og hluta að norðan og sunnan. Torfveggurinn er um 0,7-1,6 m á hæð og 0,7-1,4 m á breidd. Efnið úr húsinu virðist hafa verið að mestu úr timbri og bárujárni en einnig var hægt að sjá steinhleðslur og svo torfvegginn þétt við húsið. Á loftmynd frá Náttúrufræðistofnun frá 1954 má sjá fjöldann allan af mannvirkjum á staðnum og hús að sömu stærð stendur á sama stað.¹³ Það er því líklegt að húsið sé frá hernámsárunum eða að sé byggt á þeim grunni. Samkvæmt heimildarmanni þá heyrði hann að þetta hafi verið notað sem bílskýli á hernámsárunum og seinna hafi þetta verið notað sem fjárhús.¹⁴

¹⁰ Byggðir Eyjafjarðar 1990, bls.685.

¹¹ Orri & sædís, 1998, bls. 20.

¹² Orri & sædís, 1998, bls. 20.

¹³ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

¹⁴ Vignir Víkingsson, munnleg heimild.



Mynd 1 Hús sem var síðast notað sem hestaskjól áður fjárhús, myndin er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3534-02

Hnit: A538001.6 N577246.4 ISN93

Hlutverk: Fjós

Tegund: Hús

Í Byggðum Eyjafjarðar 1990 segir: „... á Hrappsstaðagrundinni eru uppistandandi torfhús notuð sem skjól fyrir hross.“¹⁵ Seinna húsið stendur í kringum 18 m norðaustan við hús nr. 3534-01 en það var einnig skráð í eldri fornleifaskráningu með minjanúmerið Ey-288:004¹⁶, en þar segir: „Í kringum húsin er mikið moldarflag sem í vex arfi en fjær húsunum er mói. Húsið er 12X6m að utanmáli og er hleðsluhæð 1,2m en hæð alls hússins um 2,5 m. Húsin eru að stofni til úr tré og bárujúarni en lítillsháttar er eftir af torfhleðslum á austurhlið og aðeins ofan á bárujúarnspakinu þeim megin.“¹⁷

Þrátt fyrir að húsið sé orðið mjög hrörlegt þá leit það aðeins betur út en hús nr. 3534-01. Húsið virðist vera um 10,5X6 m að utanmáli og hæð 1-2,8 m. Fast við austurvegg var torfveggur sem var um 0,4-1,5 m á hæð og breidd um 1,-1,2 m. Húsið er timburhús með bárujúarnspaki og í vesturhluta sá móta fyrir hellum í vegg. Á loftmynd frá 1954 þá virðast vera minni mannvirki á staðnum¹⁸ og húsið því byggt á þeim að hluta eða eftir að þau voru fjarlægð. Samkvæmt heimildarmanni þá hafði hann heyrt að húsið hafi verið notað sem fjós á einhverjum tímapunkti eftir hernámsárin.¹⁹

¹⁵ Byggðir Eyjafjarðar 1990, bls.685.

¹⁶ Orri & sædís, 1998, bls. 20.

¹⁷ Orri & sædís, 1998, bls. 20.

¹⁸ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

¹⁹ Vignir Víkingsson, munnleg heimild.



Mynd 2 Hús sem var notað síðast sem hestaskjól áður fjós, mynd er tekin í norðvestur.



Mynd 3 Drónamynd af húsunum tveimur, mynd er tekin í vestur.

Í bókinni *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði* segir: „Það var á öðrum degi janúarmánaðar 1941 að norskir hermenn hélt norður yfir heiðar. Þegar í Eyjafjörðinn kom settist herdeildin um kyrrt í landi Lögmanshlíðar en herbúðirnar voru nokkrir braggar og torfhús.“²⁰

Í bókinni *Saga Akureyrar 1940-1962* segir: „Breyta átti bresku hermönnum fyrir norðan í fjallahermenn, þess albúna að taka Noreg aftur, það varð hlutverk Norðmanna að sjá um þjálfunina. Þegar kom fram á vor 1941 var þeim einnig falið að sjá um varðstöð á Jan Mayen.“

²⁰ Jón Hjaltason, 1991, bls. 73.

Þá var fjölgað í norsku herdeildinni upp í 107 og hún flutt úr Lögmanshlíð í kamp í landi Hrappstaða.²¹ Það er einnig minnst á í bókinni Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði að herbúðirnar á Hrappsstöðum hafi verið stærri en í Lögmanshlíð.²²

Í eldri fornleifaskýrslu er fjallað lítillega um herminjar á svæðinu en þar er þeim gefið minjanúmerið Ey-288:006²³ en þar segir: „Austan við veginn má sjá leifar af kampi á loftmynd, þar sem vegurinn beygir til austurs og í gílinu upp með Hrappsstaðaánni eru leifar af 3-4 grunnum í sléttum vallendismóa.

Vestan við veginn í Hrappsárgílinu er L laga garður um 25 metra langur. Austan við hann er steypdur grunnur fast við greinilegan vegarslóða. Austan við hann er þýft grýtt svæði um 30x20 m og eru þar ógreinilegar byggingarleifar. Austan við það er steypdur grunnur um 1 m hár og þótti Víkingi líklegt að hann hafi verið notaður til að geyma í vinnuvélar. Austan við veginn á Hrappsstaðagrundinni eru leifar af 15-20 grunnum af öllum gerðum, hlöðnum, steypum og allt þar á milli. Einnig sjást leifar af ofnum og enn fleiri minjar myndu koma í ljós ef svæðið væri slegið vel og hætt yrði að gróðursetja í grunnana. Milli byggingasvæðanna tveggja eru nokkrir grjóthólar, greinilega gerðir af mannahöndum og milli þeirra nokkuð djúpar gryfjur sem nú eru fullar af drasli sumar hverjar.“²⁴

Ýmislegt hefur breyst á þessum tæplega þrjátíu árum síðan fornleifaskráningin var gerð. Tré hylja núna stóran hluta af suðursvæðinu og áður þar sem sáust leifar af herbúðum sést aðeins trjágróður og jafnframt hafa sum mannvirkin horfið við seinni tíma framkvæmdir.

Fornleifanúmer: 3534-03

Hnit: A538005.4 N577271.4 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Í kringum 15 m norður af húsi nr. 3534-02 er tóft um 14X8 m. Tóftin er töluvert lægri í suður en aðrar hliðar en enginn útgangur var sjáanlegur á henni. Hæð veggja er 0,1-0,3 m og breidd 1,8-2,5 m.

²¹ Jón Hjaltason, 2009, bls. 25.

²² Jón Hjaltason, 1991, bls. 74.

²³ Orri & sædís, 1998, bls. 20.

²⁴ Orri & sædís, 1998, bls. 20.



Mynd 4 Tóftarleifar, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3534-04

Hnit: A538029.5 N577249.1 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft/Steinsteypa

Um 16 m austur af tóft nr. 3534-02 er stór tóft sem er þrískipt. Austast er tóft um 13X9 m og op í suður, hæð veggja 0,1-0,5 m og breidd 1,4-1,6 m.



Mynd 5 Tóft, mynd er tekin í norður.

Tóftin virðist liggja þétt upp við steyp tannvirki í norður sem myndar nokkurs konar ferhyrning um 5,5X9 m. Á hluta sést móta fyrir steypum vegg og það sem sést af honum er

um 0,12-0,3 m á hæð og um 0,15-0,2 m á breidd. Á loftmyndinni frá 1954 virðist hafa verið hús þarna á staðnum.²⁵



Mynd 6 Leifar af steypum veggjarhleðslum, mynd er tekin í suður.

Fast vestan við tóftina eru leifar af vestur- og norður torfvegg sem liggur þétt að tóftinni. Samanlögð lengd veggjar er um 17 m, hæð veggja 0,1-0,2 m og breidd 1,6-1,7 m. Ekkert sást af veggnum í suður.



Mynd 7 Vestari tóftin, mynd er tekin í norður.

Fast norður af steypa mannvirkinu norðan við tóftirnar er nokkuð sléttur flötur og á loftmyndinni frá 1983²⁶ eru ummerki um ferhyrningslaga mannvirki um 23X8 m.

²⁵ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

²⁶ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.

Hlutverk: Herminjar


Tegund: Tóft

Í kringum 20 m austan við tóft nr. 3534- 03, fast sunnan við vegarslóða á staðnum, er stór þrískipt tóft. Tóftin er um 22X15 m og útgangur er í suður á miðju hólfinu. Ekki er hægt að sjá útgang á hinum hólfunum. Hæð tóftar er 0,15-0,4 m og breidd hleðsla 1,3 -2 m.



Mynd 8 Þrískipt tóft, mynd er tekin í norðaustur.

Sunnan við fyrrnefndar tóftir kemur svæði með nokkuð mörgu tóftum sem liggja nokkuð þétt saman. Til að auðvelda aðgreiningu og staðsetningu á þeim þá eru sett viðeigandi minjanúmer á loftmynd frá 1983, húsín tvö sem eru á svæðinu eru svo yst á mynd 9:



Mynd 9 Loftmynd frá Náttúrufræðistofnun tekin 1983 af Hrappsstaðagrund..

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft/steinsteypa

Tóftarleifar eru um 40 m suður af húsi nr. 3534-02. Tóftirnar eru úr torfi, um 12X6 m og enginn útgangur á þeim. Hæð hleðsla er um 0,1-0,4 m og breidd 1,2-1,6 m. Þær eru hlaðnar fast sunnan við steiptan vegg sem er um 0,3-0,4 m á hæð þar sem hann er sýnilegur og breidd 0,2 m. Steypti veggurinn er í ferhyrning norðan við tóftirnar og stærð hans er um 8X3 m. Mjög svipað og steypti veggurinn í tóft 3534-04. Á loftmyndinni frá 1954 virðist vera ummerki um frekari mannvirki fyrir norðan,²⁷ ekki er þó hægt að átta sig frekar á þeim.



Mynd 10 Tóft og steypuleifar norðan við hana, mynd er tekin í austur.

Á Loftmyndinni frá 1983 á mynd 9 frá Náttúrufræðistofnun²⁸, má sjá sex tóftir, þrjár í hvorri röð sem eru svipaðar að stærð og liggja í sömu stefnu með númerin 7-12.

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Samkvæmt loftmyndinni frá 1983²⁹ þá hefur tóft nr. 7 verið um 5,5X12 m. Hluti af henni hefur orðið undir nýlögðum vegi að braggabyggingu eins og sjá má á mynd 16. Það sem eftir stendur eru suður og megnið af austurveggi og smá bútur af vesturvegg.

²⁷ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

²⁸ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.

²⁹ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.

Hæð veggjahleðsla er um 0,1-0,3 m og breidd 0,5-0,7 m. Grenitré er svo í suðaustur horni á tóft. Tóftin var mæld á staðnum og jafnframt teiknuð að hluta af loftmynd frá 1983.³⁰



Mynd 11 Hluti af tóft, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3534-08

Hnit: A538023.4 N577171.1 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Steinsteypa

Tóft nr. 8 af loftmyndinni af mynd 9 er líklega ein heillegasta tóftin á svæðinu. Hún er um 12X6 m og sjást steynsteypu leifar í veggjunum þó að víða séu þær huldar gróðri. Hæð hleðsla var 0,2-0,3 m og breidd steypu í veggjum 0,55 m, en á þeim svæðum sem gróður hylur steinsteypu veggina var þykkt veggja um 0,7 m. Ekki sást útgangur á tóftinni.

³⁰ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.



Mynd 12 Tóft, mynd er tekin í norðvestur.

Fornleifanúmer: 3534-09

Hnit: A538019.0 N577165.1 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Tóft nr. 9 var um 1 m fyrir sunnan nr. 08. Það var búið að gróðursetja tré í henni svo aðeins var hægt að mæla upp hluta af tóftinni, restin var teiknuð með aðstoð loftmynda. Umfang tóftar var um 7X12 m, hæð veggja 0,1-0,3 m og breidd 0,8-1 m. Enginn útgangur var á tóftinni og ekki var hægt að sjá hvort veggir hafi verið steiptir vegna gróðurs.



Mynd 13 Tóft sem tré skyggja á, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3534-10

Hnit: A537996.5 N577176.1 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Tóft nr. 10 er um 5,5 m norðvestur af tóft nr. 9 og var einnig hulin trjám og erfitt að mæla hana upp. Notast var við loftmynd til aðstoðar. Umfang tóftar er 12,5X7 m, hæð hleðsla 0,3-0,4 m og breidd 0,4-0,5 m. Enginn útgangur sást á tóft og ekki var hægt að sjá steypuleifar vegna gróðurs.



Mynd 14 Tóft full af grenitrjám, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3534-11

Hnit: A538002.6 N577179.0 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Tóft nr. 11 er um 1 m norðan við tóft nr. 3534-10 og er um 12,7X6,8 m að stærð. Hæð veggjahleðsla er 0,1-0,2 m og breidd 0,6-0,8 m. Enginn útgangur sjáanlegur né hægt að sjá steypu í veggjum fyrir gróðri.



Mynd 15 Tóft með grenitrjám í, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3534-12

Hnit: 538009.7 577186.6 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Mannvirki nr. 12 hefur verið staðsett þar sem nú stendur braggabygging eins og sjá má á mynd nr. 16. Stærðin á henni hefur verið um 12X4 m samkvæmt loftmyndinni frá 1983.³¹

Af tóftunum sex standa fjórar enn þá eins og sjá má á mynd nr. 16. Báðar tóftirnar til norðurs hafa þurft að víkja að hluta eða öllu leyti vegna framkvæmda.

³¹ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.



Mynd 16 Drónamynd af tóftunum fjórum sem eftir standa, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3534-13

Hnit: A537975.4 N577181.6 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Í kringum 18 m vestan við tóft nr. 3534-10 var löng tóft sem sneri þvert á aðrar tóftir í nágrenninu. Stærð hennar var um 20,5X7 m, hæð veggjahleðsla 0,15-0,3 m og breidd 0,6-0,9 m. Vegna mikils trjágróðurs í tóft gekk erfiðlega að mæla hana í suður. Eins og aðrar svipaðar tóftir þá sást enginn útgangur né var hægt að sjá steypu leifar í veggjum.



Mynd 17 Löng tóft, mynd er tekin í suðvestur.

Fornleifanúmer: 3534-14

Hnit: A537982.3 N577160.7 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Í kringum 4 m suðaustur af tóft 3534-13 var tóft sem var að mestu hulinn trjám. Stærðin á henni var um 11X5 m samkvæmt loftmyndinni frá 1983.³² Hæð veggjahleðsla 0,1-0,3 m og breidd 0,5-0,9 m. Þéttleiki trjáa var það mikil að ekki var hægt að ganga í kringum hana. Eins og aðrar tóftir í nágrenninu var ekki hægt að sjá útgang á henni.



Mynd 18 Tóft þakin trjám, mynd er tekin í austur.

³² Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.

Fornleifanúmer: 3534-15

Hnit: A537961.0 N577178.6 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Steinsteypa

Fimm metra vestur af tóft 3534-13 virðist vera leifar af steypu mannvirki, ekki ósvipað og sjá má í tóftum 3534-04. Leifar á steypum vegg sást í austur, vestur og norður en ekki til suðurs. Þar sem sést í steypuna þá virðist hún vera 0,08-0,4 m á hæð og breidd 0,3 m. Þessar veggjaleifar mynduðu nokkurs konar ferhyrning um 6X5,5 m. Staðurinn virðist vera vinsæll sem bílastæði í dag.



Mynd 19 Leifar af steypu mannvirki, mynd er tekin í suðvestur

Fornleifanúmer: 3534-16

Hnit: A537965.1 N577160.8 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Steinsteypa

Annað svipað mannvirki og nr. 3534-15 er um fimm metra suður af tóft nr. 3534-13. Þar sem sést í steypu leifar þá eru þær 0,08-0,4 m á hæð og breidd 0,12 m. Fast sunnan við steypu leifarnar var lítil hola þar sem timbur plönkum er raðað með bilum á milli og saman myndar þetta um 7X6,5 m. Hvort þetta sé hluti af stærra mannvirki var ekki hægt að sjá á staðnum vegna trjáa. Hluti af mannvirkinu var mælt á staðnum og hluti teiknað eftir loftmynd eins og sjá má á teikningunni á kortinu í skýrslunni.



Mynd 20 Leifar af steypu mannvirki, mynd er tekin í suðvestur.

Fornleifanúmer: 3534-17

Hnit: A537957.8 N577136.6 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Á loftmynd frá 1983³³ sést stórt mannvirki suður af tóft nr. 3534-16 og virðist það skiptast í tvö rými, en saman eru þau um 20X13 m. Megnið af tóftinni er hulinn trjám en í miðjunni þar sem hún skiptist í tvö rými eru leifar af steinsteyptri hellu og tveir steypdir stöplar. Inn á milli trjánna var hægt að sjá veggjaleifar úr útveggjum en ekki var hægt að mæla þá upp vegna þétts trjágróðurs. Veggjaleifarnar voru um 0,2-0,3 m á hæð og breidd 0,5-0,6 m. Hellan í miðju mannvirkinu var um 5,6X1,3 m og 0,1 m á þykkt og steypu stöplarnir um 0,8X0,8 m, 0,3 m á hæð og 1X1 m, 0,4 m á hæð eða það sem sást af þeim.

³³ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.



Mynd 21 Steypt hella í miðju mannvirki,, mynd er tekin í norður.

Fornleifanúmer: 3534-18

Hnit: A538014.1 N577133.2 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Í skógarreitnum stendur nýlegt hús og í kringum 3 m fyrir vestan suðvestur hliðina á húsinu eru tóftarleifar. Þær eru um 14X5 m og með útgang í austur. Tóftin er rofin í norðvestur horninu. Hæð veggjahleðsla er um 0,2-0,4 m og breidd 0,4-1,6 m. Veggurinn í norður var miklu rýrari og líklega búið að raska honum að einhverju leyti. Vegna trjágróðurs var uppmæling tófta í norðurvegg ekki jafn nákvæm og aðrir hlutar af tóftinni.



Mynd 22 Tóft inn í skógarkjarrinu, mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3534-19

Hnit: A538021.9 N577140.6 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Á svipuðum slóðum og norðvestur hornið á húsinu í skógarjaðrinum er núna, var á loftmyndinni frá 1983³⁴ svipað mannvirki og nr. 3534-15 og 16. Það hefur hins vegar horfið við húsbygginguna.

Fornleifanúmer: 3534-20

Hnit: 537973.0 577199.8 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Óljós tóft er um 8 m austan við veginn um 23 m sunnan við hús nr. 3534-02. Hluti af tóftinni sést ágætlega á drónamyndinni en vesturhliðin var hulin trjágróðri. Tóftin er um 12X6,6 m, hæð hleðsla 0,2-0,4 m og breidd 0,6-1 m. Eins og flestar aðrar tóftir þarna var enginn sjáanlegur útgangur. Steyptur stöpull var í vesturvegg á tóftinni, um 0,44X0,44 m, hæð 0,2-0,4 m.



Mynd 23 Óljós tóft, mynd er tekin í norðvestur.

³⁴ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.

Fornleifanúmer: 3534-21

Hnit: A537977.8 N577190.3 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Tóft

Önnur tóft svipuð að gerð er um 2 m fyrir sunnan tóft nr. 3534-20 í sömu stefnu. Hæð hleðsla er um 0,2-0,3 m og breidd 0,6-1,2 m, enginn útgangur sjáanlegur. Að minnsta kosti fjórir steyptir stöplar voru í norðurvegg um 0,4X0,4 m, hæð um 0,2-0,3 m.



Mynd 24 Tóft með steypum stöpli í suðaustur, mynd er tekin í norðvestur.

Fornleifanúmer: 3534-22

Hnit: A537997.2 N577149.7 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Um 23 m vestur af norðurhlið á húsinu í skógarreitinum eru leifar af mannvirki á loftmyndinni frá 1954,³⁵ það virðist vera um 8X5,7 m og opið í norður. Núna er þétt skógarkjarr á staðnum og ekkert hægt að sjá.

Fornleifanúmer: 3534-23

Hnit: A538005.8 N577236.2 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Í kringum 3 m sunnan við hús nr. 3534-02 var langt mannvirki á loftmyndinni frá 1954,³⁶ um 18X4 m. Ekki sáust leifar af því á staðnum.

³⁵ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

³⁶ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

Fornleifanúmer: 3534-24

Hnit: A538009.4 N577250.8 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Í kringum 2 m austan við hús nr. nr. 3534-02 var mannvirki á loftmyndinni frá 1954.³⁷ Ekki sáust leifar af því á staðnum. Það virðist hafa verið um 8,5X7 m að stærð.

Fornleifanúmer: 3534-25

Hnit: A537978.7 N577253.3 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Í um 12 m norður af húsi nr. nr. 3534-02 var mannvirki á loftmyndinni frá 1954,³⁸ um 10X4 m að stærð, það eina sem var hægt að sjá var laut á staðnum um 0,1-0,3 m djúp en engar mannvistarleifar.

Fornleifanúmer: 3534-26

Hnit: A537981.5 N577269.3 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Um 27 m í norður frá húsi nr. nr. 3534-02 var mannvirki á loftmyndinni frá 1954,³⁹ um 10,5X5 m að stærð, ekki sáust nein ummerki eftir mannvirkið.

Fornleifanúmer: 3534-27

Hnit: A537985.4 N577279.7 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Um 40 m í norður frá húsi nr. 3534-02 var mannvirki á loftmyndinni frá 1954,⁴⁰ um 12X5 m að stærð, ekki sáust ummerki eftir mannvirkið á staðnum.

Fornleifanúmer: 3534-28

Hnit: A538015.1 N577315.6 ISN93

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Heimild

Á loftmyndinni frá 1954 sjást um eða yfir 20 mannvirki fast norðan við vegarslóðann sem liggur inn á svæðið. Liggja þau mjög þétt saman og svipuð að stærð, í kringum 13X6 m, þau

³⁷ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

³⁸ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

³⁹ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

⁴⁰ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).

liggja þó ekki öll í sömu stefnu.⁴¹ Afmarkað var svæði utan um þessi mannvirki og er það um 4.500 m². Engin ummerki eru lengur um þessi mannvirki, þau hafa verið fjarlægð og svæðið sléttað.

Á eftirfarandi myndum má sjá breytingar sem hafa átt sér á svæðinu í gegnum árin. Fyrst loftmyndir frá 1954 og 1983 frá Náttúrufræðistofnun og svo loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2024. Myndirnar ná aðeins yfir það svæði sem minjar voru skráðar í þessu verkefni, ýmist á staðnum eða sem heimildir.

⁴¹ Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).



Mynd 25. Hrappsstaðagrund, Loftmynd frá Náttúrufræðistofnun frá 1954.⁴²

⁴² Náttúrufræðistofnun – loftmynd 1954 (óskönnuð).



Mynd 26. Hrappsstaðagrund, loftmynd frá Náttúrufræðistofnun frá 1983.⁴³

⁴³ Náttúrufræðistofnun - Loftmyndasjá - 1983.




Mynd 27. Hrappstaðagrund, loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2024.⁴⁴

⁴⁴ Loftmyndir ehf - MAP.IS.



Mynd 28. Yfirlitsmynd tekin með dróna af svæðinu haustið 2025, myndin er tekin í suður.



nafn: HRAPPSSTAÐAGRUND	teikn. 09.12.2025 hj	Skýringar: Herminjar og heimildir um herminjar innan deiliskipulagssvæðis á Hrappsstaðagrund innan Hrappsstaða.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
AKUREYRARBÆR	mælikv. 1:3000 í A4		Unnið eftir mynd nr. e574 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998

5. Samantekt

Á Hrappsstaðagrunn innan Hrappsstaða í Akureyrarbæ voru 28 minjastaðir skráðir, þar af níu aðeins sem heimildir. Síðasti minjastaðurinn innihélt þó um eða yfir 20 heimildir um mannvirki en þar sem enginn ummerki voru á staðnum eftir þau og hve þétt byggðin þar virðist hafa verið var ákveðið að afmarka svæðið sem eina heild. Í eldri skráningu voru húsin tvö sem eru enn uppistandandi skráð og fjallað lítillega um herminjarnar án þess að skoða þær sérstaklega á vettvangi. Af loftmyndunum frá 1954 þá virðist húsið nær

Lögmanshlíðarveginum vera mjög svipað að stærð og hús sem stóð þá á staðnum. Hitt húsið virðist standa á sama stað og minni mannvirki stóðu þá, en það sést ekki nógu vel á loftmyndinni til að geta fullyrt um það. Allar minjarnar á staðnum virðast vera að hluta eða öllu leyti leifar af herkömpunum frá seinni heimsstyrjöldinni og ekki fundust heimildir sem benda til annars.

Það er þó ágætt að hafa í huga að alltaf er sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. desember 2025

Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Jón Hjaltason. (1991). Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði. Bókaútgáfan Hólar. Prentverk Odds Björnssonar h.f. Akureyri.

Jón Hjaltaston. (2009). Saga Akureyrar 1940-1962. V. Bindi. Akureyrarbæ. Akureyri.

Lofthmyndir ehf - MAP.IS. Sótt af <https://www.map.is/base/@538014,577251,z13,0> Skoðað 08.12.2025.

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir. (1998). Fornleifaskráning í Eyjafirði X. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár. Minjasafnið á Akureyri. Fornleifastofnun Íslands. Akureyri.

Náttúrufræðistofnun Loftmyndasjá – 1983 Sótt af <https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 08.12.2025.

Náttúrufræðistofnun – óskannaðar loftmyndir frá Akureyri frá 1954.

Heimildarmenn:

Vignir Víkingsson, 1954, Akurgerði 11a. Akureyri.